

Ed. 470. Frumvarp til laga

um breyt. á raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Í stað orðanna „til fjögurra ára“ í 50. gr. laganna kemur: til fjögurra almanaksára.

2. gr.

55. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra getur sett raforkuráði ákveðinn frest til afgreiðslu mála, sem því eru send til umsagnar. Hann getur í reglugerð, að fengnum tillögum raforkuráðs og umsögn raforkumálastjóra, sett nánari ákvæði um starfshætti og verksvið þess.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Bráðabirgðaákvæði.

Umboð raforkuráðs þess, er kosið var 29. apríl 1946, fellur niður 31. desember 1949.